

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Alþingi
Erindi nr. P 143/1817
komudagur 11.5.2014

Reykjavík, 11. maí 2014

Efni: Viðbótarathugasemdir við frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, þskj. 633 – 338. mál

Þann 9. apríl 2014 sendi Félag atvinnurekenda (FA) umsögn um frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum þar sem fagnað var setningu laganna og talið mikilvægt að það yrði að lögum. Fulltrúi FA, undirrituð, mætti á fundi efnahags – og viðskiptanefndar þar sem upp komu áhugaverð álitæfni í tengslum við umrætt frumvarp og því taldi FA mikilvægt að koma á framfæri frekari athugasemdum sínum við frumvarpið. Þær athugasemdir verða útlistaðar hér að neðan.

I. Eignarréttarfyrirvari – þörf á lagabreytingu

Í 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/EB er að finna ákvæði þar sem aðildarríkjum er gert tryggja að „seljandi hafi áfram eignarhald á viðkomandi vörum þar til greitt hefur verið fyrir þær að fullu ef kaupandi og seljandi hafi með ótvíræðum hætti samið um áframhaldandi eignarhald áður en vörurnar eru afhentar.“ Ekki er að finna sambærilegt ákvæði í fyrirliggjandi frumvarpi og telur FA að bæta þurfi úr því.

Ein forsenda þess að fyrirtæki geti samið með þeim hætti að veittir séu greiðslufrestir á endurgjaldi fyrir þegar afhenta vöru er að unnt sé að tryggja að varan sé þeirra eign þar til endurgjaldið hefur verið greitt að fullu. Þetta hefur verið þekkt fyrirbæri í íslensku viðskiptalífi að fyrirtæki setji svokallaðan eignarréttarfyrirvara, þar sem kveðið er á um að vara teljist þeirra eign þar til kaupverðið hefur verið að fullu greitt. Staðan hefur hins vegar verið sú að slíkir fyrirvarar hafa ekki haldið þegar varan er ætluð til endursölu og skuldari fer í gjaldþrot enda er lagt bann við slíkri veðsetningu í 36. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð. Hafa fyrirtæki því þurft að sæta því að verða af vörum sínum, sem eru ennþá óseldar á vörulager hins gjaldþrota fyrirtækis, og þurfa þess í stað að lýsa almennri kröfu í búíð sem sjaldnast fæst greidd að fullu.

FA telur að það sé meginforsenda þess að fyrirtæki treysti sér til að veita almenna greiðslufresti í samræmi við fyrirliggjandi frumvarp að tryggt sé að seld vara teljist þeirra eign þar til hún hefur verið seld þriðja aðila og/eða þegar hún hefur verið að fullu greidd. **Félag atvinnurekenda leggur því til að í fyrirliggjandi frumvarpi verði lögð til breyting á 36. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð þar sem heimilað verður söluveð í hlutum ætluðum til endursölu en slíkt veð haldi ekki gagnvart neytendum og grandlausum þriðja aðila.**

II. Greiðsluáætlun – mikilvæg fyrir minni fyrirtæki

Meginreglan í íslenskum samningarétti er sú að samningsaðilar hafa sjálfval um það hvort samið sé, við hvern og um hvað. Hægt er að takmarka það samningsfrelsi með lögum og er fyrirhugað að gera það með umræddu frumvarpi, þ.e. takmarka heimild fyrirtækja til að semja um greiðslufresti. Takmörkunin byggist þó á málefnalegum sjónarmiðum og gengur líklega ekki lengra en þörf krefur til að ná því lögmæta markmiði sem stefnt er að. Ein ástæða þess að frumvarpið er innan heimildar til takmörkunar á samningsfrelsi er að gert er ráð fyrir að heimilt sé að víkja frá meginreglunni um 30 daga greiðslufrest ef gerð er greiðsluáætlun. Þannig er fyrirtækjum heimilt að semja sín á milli um dreifingu greiðslna yfir ákveðinn tíma. Telur FA mikilvægt að þetta ákvæði sé inni í frumvarpinu, sérstaklega til að hagsbóta fyrir minni fyrirtæki sem þurfa að hafa svigrúm til fjármagna sig til lengri tíma en eins mánaðar í senn.

Staðan er hins vegar sú að þessi möguleiki á greiðsluáætlun getur dregið úr skilvirkni laganna og opnað á möguleika til greiðsludreifingar, til tjóns fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Geta stór fyrirtæki og enn fremur opinberir aðilar þannig knúið fram þann samningsskilmála að ávallt sé miðað við greiðslu með greiðsluáætlun. Telur FA það varhugavert og að mögulega sé núverandi 5. gr. frumvarpsins of almenn í því skyni. Vegna stöðu opinberra aðila, sem hefur oft á tíðum mikinn kaupendastyrk á markaðnum og enn fremur lítur oft ekki sömu markaðslögmálum og einkarekin fyrirtæki, þá telur FA mikilvægt að heimildir opinberra aðila til að semja um greiðsluáætlanir, sér til handa, séu takmarkaðri en almennra fyrirtækja á markaðnum. **Telur því FA mikilvægt að takmarka heimildina í 5. gr. frumvarpsins við viðskipti á milli einkarekinna fyrirtækja og undanskilja því opinbera aðila frá þessum valmöguleika.**

III. Annað

Að framangreindum athugasemdum undanskildum ítrekar FA ánægju sína með umrætt frumvarp og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,


f. h. Félag atvinnurekenda